

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 104/98
frá 30. október 1998**

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-
nefndarinnar nr. 94/98 frá 25. september 1998⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 97/81/EB frá 15. desember 1997 um rammamninginn um
hlutastörf sem UNICE, CEEP og ETUC stóðu að⁽²⁾ og tilskipun ráðsins 98/23/EB frá
7. apríl 1998 um útvíkkun á tilskipun 97/81/EB um rammamninginn um hlutastörf
sem UNICE, CEEP og ETUC stóðu að, þannig að hún taki einnig til hins Sameinaða
konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands⁽³⁾ skulu felldar inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 30. lið (tilskipun ráðsins 96/71/EB) í XVIII. viðauka
við samninginn:

„31. **397 L 0081**: Tilskipun ráðsins 97/81/EB frá 15. desember 1997 um
rammamninginn um hlutastörf sem UNICE, CEEP og ETUC stóðu að
(Stjtið. EB L 14, 20.1.1998, bls. 9), eins og henni var breytt með:

(¹) Stjtið. EB L ??????, 22.7.1999, bls. ??? og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 22.7.1999, bls.
?????????

(²) Stjtið. EB L 14, 20.1.1998, bls. 9.

(³) Stjtið. EB L 131, 5.5.1998, bls. 10.

- **398 L 0023**: Tilskipun ráðsins 98/23/EB frá 7. apríl 1998 (Stjtið. EB L 131, 5.5.1998, bls. 10).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 97/81/EB og tilskipunar ráðsins 98/23/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. október 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. október 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N.v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner